

Fundur í Betadeild þriðjudaginn 29. apríl 2025 kl. 19

Fundurinn var haldinn í Brekkuskóla

Mættar voru 16 Betasystur

Undirbúningshópur: Sigríður, Minnie og Þorgerður

Setning fundar

Eygló setti fund og Minnie kveikti á kertunum.

Eygló greindi frá því að margar konur hefðu tilkynnt forföll og því eru bara tvær konur úr undirbúningshóp á staðnum, og þær tóku nú við stjórn fundarins.

Orð til umhugsunar

Minnie rifjaði upp skemmtipistil sem hún flutti á Landssambandsþingi árið 2017 og hlaut mjög góðar undirtektir. Pistillinn byggði á setningum úr lestrarbókum fyrir byrjendur og lagði Minnie út frá dulinni merkingu þeirra á skemmtilegan hátt. Þó húmorinn væri í fyrirrúmi, tengdust setningarnar ýmsum samfélagslegum málum sem enn eru á döfinni, ekki síður en 2017.

Fundargerð síðasta fundar lesin

Selma las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Erindi frá stjórn

- Eygló greindi frá því að saga Betadeildar hafi verið send afmælisritnefnd samtakanna og fékk hún góð viðbrögð. Óskað var eftir enn meiri upplýsingum, t.d. um viðburði sem deildin stóð fyrir nokkrum sinnum á degi kennara.
- Gott væri að fá skýrar tillögur um samfélagsverkefni vegna afmælis samtakanna á maí-fundi. Sigríður sagði að á fundi verkefnisnefndarinnar í gær hefði alls konar hugmyndum verið velt upp og kostnaður skoðaður við fyrirlesara og húsnæði. Kostnaður yrði fljótt umtalsverður. Nefnd var sú hugmynd að skrifa grein um sögu deildarinnar í fjölmiðla. Eygló benti á þann möguleika að sækja um styrki utan samtakanna.
- Eygló upplýsti að gögn í eigu Betadeildar hefðu komið í ljós í geymslu hjá Þorgerði og sagði nauðsynlegt að grisja sumt og koma öðru á héraðsskjalasafnið. Hildur hefur tekið

að sér að ganga í þetta mál með Eygló. Á sama stað fannst heill kassi af póstkortum, útgefnum af Elísabetarsjóði. Eygló spurði hvað gera eigi við kortin. Lagt var til að koma með þau á fund svo Betasystur geti keypt þau. Nefnt var hvort hægt væri að selja kortin á Landssambandsþinginu í maí og Eygló sagðist myndu athuga hvort stunda megi sölu á þinginu. Anita bað um að félagskonur fengju forkaupsrétt að kortunum áður en til þessa kæmi.

- Stutt er í Landssambandsþing, en enn er hægt að skrá sig. Líklega eru 7 Betasystur skráðar á þingið á þessari stundu.
- Eygló greindi frá þremur tillögum um not fyrir þá peninga sem safnast hafa í pyngjuna:
 1. Tillaga kom frá UNICEF um norrænt samstarfsverkefni sem kallast Every Child Learning og snýst um að nota niðurstöður úr menntarannsóknunum UNICEF til að bæta kennsluaðferðir í menntaverkefnum í Afríku.
 2. Verkefni Adams Óskarssonar, ABC barnahjálpi, hefur rekið skólann Ecole ABC de Bobo í borginni Bobo-Dioulasso í Búrkína Fasó. Hjónin Jóhanna Sólrún Norðfjörð og Haraldur Pálsson sjá nú um rekstur skólans, sem vaxið hefur jafnt og þétt og telur rúmlega 1.300 nemendur frá leikskólastigi til framhaldsskóla.
 3. Neyðaraðstoð á Gaza.

Eygló leggur til atkvæðagreiðslu á maí-fundinum.

Kynning á tilnefndum nýjum félagskonum

Útbreiðslunefnd hafði ekki fengið neinar viðbótar tillögur, en ein kona var þó kynnt á fundinum.

Eygló og Fríða fyrir hönd útbreiðslunefndar, hvöttu Betakonur til að huga alvarlega að því að finna nýjar félagskonur.

Kaffihlé

Kaffihlé var fært fram fyrir erindi kvöldsins og bauð undirbúningsnefnd upp á ljúffengar veitingar.

Erindi frá undirbúningshóp

Kristín Sólveig Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur fræddi Betakonur um óformlegt hjálparstarf sem hún sinnir og nefndi erindi sitt „Við getum hjálpað fólkinu á Gaza“. Í viðleitni sinni við að hjálpa fólki á Gaza hefur Kristín komist í beint samband við nokkrar fjölskyldur þar gegnum GoFundMe og þannig fundið leið til að koma peningaaðstoð beint til viðkomandi, frekar en reyna að styrkja

hjálparstofnanir sem ekki fá að komast inn á Gaza. Hún hefur reynt að virkja fleiri hér heima til að styrkja fjölskyldur og hún telur að nú séu um það bil 400 fjölskyldur styrktar. Styrkurinn nýtist fjölskyldunum til að kaupa mat, tjöld, sólarsellur og lyf, svo eitthvað sé nefnt, eitthvað af þessu líklega á svörtum markaði með stolin hjálpargögn. Kristín hefur kynnst persónulega nokkrum þeim sem hún styrkir og sagði að slík tengsl gætu líka verið fólkinu þar mikill andlegur stuðningur. Hún hefur því einnig frá fyrstu hendi áhrifamiklar lýsingar þessa fólks af hrikalegum aðstæðum á Gaza. Til að koma til skila aðstoð frá þeim sem ekki vilja sjálfir vera í beinu sambandi við fjölskyldur á Gaza, er ætlun Kristínar að stofna formlegri samtök sem gætu miðlað slíku fé. Samtökin fá heitið Vonarbrú.

Að loknu erindinu færði Eygló Kristínu rós í þakklætisskyni

Pyngja og gestabók gengu og dregið var í happdrættinu í lok fundar. Eygló fékk vinninginn sem Minnie kom með.

Fundarslit

Eygló bað Minnie að slökkva á kertunum og þakkaði undirbúningshóp fyrir þeirra framlag. Hún minnti á lokafund Betadeildar 28. maí næstkomandi og sleit síðan fundi

Fundargerð ritaði Selma Hauksdóttir